

Akureyrarbær  
Pétur Ingi Haraldsson  
Geislagötu 9  
600 Akureyri

Reykjavík 21. ágúst 2019  
UST201907-051/B.S.  
10.05.01

### **Efni: Efnistaka við Glerárós. Umsögn**


Vísað er til bréfs Akureyrarbæjar dags. 19. ágúst sl. þar sem ítrekuð er fyrri ósk um umsögn um fyrirhugaða efnistöku við ósa Glerár þar sem ætlunin er að taka 30.000 m<sup>3</sup> af mól á sjávarbotni til notkunar við stækkun Torfunesbryggju. Tekið er fram í greinargerð að efni hefur áður verið tekið við ósa Glerár. Námusvæðið er innan hafnarsvæðis Akureyrarhafnar.


Talið er að efnistakan muni hafa tímabundin áhrif á lífríki og að tryggt verði að efnistakan hafi ekki áhrif á nærliggjandi strönd, en tekið er fram í greinargerð að við ósa Glerár eru nú þegar sjónvörn og bakkavarnir.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Gera hefði mátt betur grein fyrir lífríki á fyrirhuguðu efnistökusvæði.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
sérfræðingur